

## Land- og jökulbreytingar við Hoffellsjökul 2015

Snævarr Guðmundsson<sup>1</sup>, Helgi Björnsson<sup>2</sup> og Anna Lilja Ragnarsdóttir<sup>3</sup>

<sup>1</sup>Náttúrustofa Suðausturlands, Nýheimar, Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði

<sup>2</sup>Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Sturlugata 7, 101 Reykjavík, Iceland

<sup>3</sup>Akurnesi, Nesjum, 781 Hornafirði

SnaevarrGuðmundsson@hornafjordur.is

**Ágrip** — Umtalsverðar land- og jökulbreytingar urðu við Hoffellsjökul í Nesjum haustið 2015. Þær tengdust mikilli úrkomutíð í október eða snemma í nóvember sem olli snöggum vexti dragáa í Hoffellsnúpum (Núpum) og Efstafelli, á milli Hoffellsjökuls og Lambatungujökuls. Töluvert rof varð úr farvegum ána í grennd við jökullónin Múlavatn og Gjávatn við Hoffellsjökul. Á sama tíma hvarf Gjávatn og sú spurning vaknar hvort vatnavextir hafi hrint af stað hlaupi úr lóninu svo að það tæmdist. Engum sögum fer þó af hlaupvatni í Hornafjarðarfjótum enda vötnin smá og óvíst hvort hægt hefði verið að aðgreina hlaupvatn frá öðrum vatnavöxtum í kjölfar úrkomutíðarinnar. Gervitunglamyndir sýna jafnframt að á sama tímabili hafa jakar brotnað upp í lóninu framan við Hoffellsjökul, þótt það kunni að hafa stafað af öðru en jökulhlaupinu.

Þrjú jökulvötn, Múlavatn, Gjávatn og Efstafellsvatn, mynduðust í giljum við austurjarðar Hoffellsjökuls, inn við Núpa, þegar jökullinn gekk fram á litlu ísöld. Leysingarvatn frá jöklinum og úrkoma í fjöllum safnaðist í gilin. Jökullinn stíflaði framrás vatnsins svo að lón mynduðust sem stækkuðu uns vatn náði að ryðjast undir jökulstífluna og hlaupa fram. Lónin hlupu árvisst á 19. öld og ollu töluverðum spjöllum á láglendi. Þau hafa hlaupið af og til allt til þessa dags. Efstu strandlínur eru í um 265–270 m hæð, en þeirri vatnshæð náði Gjávatn sennilega fyrir miðja 19. öld meðan jökullinn var sem þykkastur (Egill Jónsson, 2004; Helgi Björnsson og Finnur Pálsson, 2004; Helgi Björnsson, 2009). Þegar jökullinn tók að hopa og rýrna lækkaði jafnframt hæð lónanna. Stundum hurfu þau alveg. Á korti Herforingjaráðsins var yfirborðshæð Gjávatns í 207 m y. s. á fjórða áratug 20. aldar. Á þeim tíma var stærð vatnsins nálægt 60 hektarar (0,6 km<sup>2</sup>) en breytileg vegna hlaupa. Múlavatn var 4 hektarar (0,04 km<sup>2</sup>) á sama korti og Efstafellsvatn 1,5 hektari (0,015 km<sup>2</sup>) en hið síðarnefnda er nú alveg horfið.

<sup>1</sup> Yfirborðshæð fengin af LiDAR gögnum.

Haustið 2015 var flatarmál Múlavatns rúmir 2 hektarar en Gjávatns 12 hektarar. Gjávatn er þrengsti hluti á trekt sem tekur við öllu vatni sem safnast af vatnasviði sem nær allt upp að Goðahrygg og er ~33 km<sup>2</sup> að flatarmáli (1. mynd). Stærstu árnar eru jökuláin Múlaá sem rennur frá Goðahrygg í Múlavatn (~104 m h. y. s.) og ár í Vesturgjá og Austurgjá sem renna í Gjávatn (~90 m hæð)<sup>1</sup>. Síðan rennur kvísl úr Múlavatni í Gjávatn sem safnar öllu vatni sem fyrrgreindar ár bera fram. Venjulega eru árnar ekki vatnsmiklar en eiga til að vaxa hratt í úrkomutíð eins og títt er með dragár á Suðausturlandi.

Nýverið var vart við snöggar breytingar á stærð Gjávatns og Múlavatns, sem ætla má að hafi orðið á tímabilinu 17. okt. til 12. nóv. Umtalsvert rof í árfarvegnum bendir til vatnavaxta á umræddu tímabili. Þegar úrkomutölur frá Höfn í Hornafirði eru skoðaðar koma í ljós úrkomutoppar: 21.–24. og 29.–31. október og 6.–8. nóvember (2. mynd). Í þeim náði sólarhringsúrkoma >27 mm í þrjú daga en að auki var talsverð úrkoma dagana kringum þá. Engar spurnir fara þó af því að hlaups hafi orðið vart í Hornafjarð-